

Gunnar Jónsson Sólnes, lögmaður Akureyri.

Afhending 2011/56

Gunnar Jónsson Sólnes var fæddur á Akureyri 12.3.1940 og lést á Akureyri 15.11.2013. Hann var sonur Jóns G. Sólnes f. 30.9.1910, d. 8.6.1986 og Ingu P. Sólnes f. 12.8.1910, d. 11.9.2003.

Gunnar var kvæntur Margréti Sigríði Kristinsdóttur f. 6.5.1937, gengu þau í hjónaband 6.1.1976. Margrét átti tvær dætur úr fyrra hjónabandi.

Gunnar var stúdent frá MA árið 1960 og cand.juris frá HÍ 10.6.1968 með II einkunn.

Ári síðar varð hann héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður 1977.

Hann starfaði sem ritari hjá fjárveitinganefnd Alþingis 1960 – 1967, sinnti ýmsum lögmannsstörfum, rak eigin lögfræðistofu á Akureyri frá 1970 og Lögmannsstofuna hf. ásamt bróður sínum, Jóni Kr. Sólnes hrl. og Árna Pálssyni hrl. frá 1989.

Frá 2008 til dauðadags starfaði hann sem hæstaréttarlögmaður hjá Pacta-lögmönnum á Akureyri.

Gunnar var ræðismaður Frakklands á Akureyri um langt skeið og var sæmdur heiðursorðu fyrir störf sín í þágu Frakklands.

Hann sat í stjórn Íslendings hf. 1978 – 1982, í stjórn Akurs hf. 1975 – 1983 og í varastjórn Lögmannafélags Íslands 1979 – 1980.

Gunnar var mikill golf íþróttamaður. Hann var formaður Golfklúbbs Akureyrar 1971 – 1974 og aftur 1977 – 1979, hann varð bæði Akureyrarmeistari og Íslandsmeistari í golfi mörgum sinnum. Hann var sæmdur gullmerki Íþróttasambands Íslands 1985, var heiðursfélagi GA og var sæmdur gullkrossi Gólfambands Íslands árið 2005.

Gunnar sat einnig í stjórn NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna og laxveiðar voru stórt áhugamál hjá honum.

Afhendingin barst frá Gunnari Jónssyni Sólnes 28. júní 2011.

Á 11 árum bárust safninu 14 afhendingar með skjölum Jóns og Ingu Sólnes og afkomendum þeirra. Afhendingarnar eru með númerin: 2008/3, 2008/19, 2008/80, 2009/34, 2009/75, 2010/1, 2011/56, 2012/20, 2014/4, 2014/71, 2015/34, 2016/40, 2016/50 og 2019/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

20.5.2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Jón Guðmundsson Sólnes, bankastjóri og alþingismaður Akureyri.

Afhending 2011/56

Jón Guðmundsson Sólnes var fæddur á Ísafirði 30.9.1910 og lést á Akureyri 8.6.1986. Hann var kjörsonur Edvard Gabrielssen Sólnes, útgerðarmanns f. 8.6.1880, d. 27.10.1958 og Lilju Daníelsdóttur f. 24.6.1874, d. 2.12.1939.

Jón var kvæntur Ingu Pálsdóttur Sólnes f. 12.8.1910, d. 11.9.2003. Þau giftu sig 30.5.1936, áttu fimm börn og fjölda barnabarna.

Hann fékk gagnfræðiprófið á Akureyri 1926.

Sama ár hóf hann störf í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri og vann þar lengst af sem bókarari en var útibússtjóri 1961 – 1976. Hluta árs 1937 vann hann í Hambros Bank í London.

Jón var í bæjarstjórn Akureyrar 1946 – 1978 og aftur 1982 – 1986 og var forseti bæjarstjórnar 1962 – 1966 og 1970 – 1974. Hann var formaður framkvæmdastjórnar Brunabótafélags Íslands 1955 – 1979; í stjórn Framkvæmdasjóðs 1966 – 1971 og í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 1972 – 1978. Jón var formaður Kröflunefndar um hríð, sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1969 og 1970 og sat á fundum Þingmannasamtaka Norður-Atlandshafsríkjanna 1975 – 1979.

Jón var varapingmaður Norðurlands eystra fyrir Sjálfstæðisflokkinn í desember 1972 og mars – apríl 1974.

Hann var alþingismaður Norðurlands eystra fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1974 – 1979.

Afhendingin barst frá Gunnari Jónssyni Sólnes 28. júní 2011.

Á 11 árum bárust safninu 14 afhendingar með skjölum Jóns og Ingu Sólnes og afkomendum þeirra. Afhendingarnar eru með númerin: 2008/3, 2008/19, 2008/80, 2009/34, 2009/75, 2010/1, 2011/56, 2012/20, 2014/4, 2014/71, 2015/34, 2016/40, 2016/50 og 2019/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.
20.5.2020.

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr. Örk Efni Ath.

Gunnar J. Sólnes og Jón G. Sólnes

2011 / 56

A-Gunnar J. Sólnes og Jón G. Sólnes

A-Gunnar J. Sólnes og Jón G. Sólnes

1941 - 1984

2011 -	A/1	1	1951- 1962	Ljósrit komið frá Knut Odderstedt til Jóns G. Sólnes. Bréf skrifuð af Sigurði Draumland til Hönnu Odderstedt.
2011 -	A/1	2	1970- 1970	Bréf frá Jón G. Sólnes til Ívars Guðmundssonar.
2011 -	A/1	3	1941- 1941	Bréf Jóns G. Sólnes til Jóns Jóhannssonar í Skarði í Dalsmynni. Biður fyrir Júlíus son sinn.
2011 -	A/1	4	1979- 1979	Póstkort. Áróður frá Alþýðubandalaginu
2011 -	A/1	5	-	Ljónabragur. Vísur ortar um félagi í Lionsklúbbi.
2011 -	A/1	6	1970- 1984	Vísur um Laxárvirkjun og deilu.
2011 -	A/1	7	1968- 1968	Tilkynningar frá dómsmálaráðherra um að Gunnar Sólnes lögfræðingur verði fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri og sýslumanns í Eyjafjarðasýslu.